

## FUNDARGERÐ

Árið 2016, föstudaginn 18. mars kl. 14:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Tómothúsi á 4. hæð í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Guðna Geir Einarssyni og Elínu Gunnarsdóttur, sem ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri og Guðjón E. Friðriksson, bæjarritari Garðabæjar og nefndarmaður í ráðgjafarnefnd um rafrænar kosningar þegar fjallað var um framlög vegna sérstakra verkefna.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð 11. febrúar 2016

Lögð fram fundargerð frá 11. febrúar 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerðin samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna samstarfsverkefna

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 16. mars 2016 ásamt yfirliti með tölulegum forsendum vegna úthlutunar framlags til landshlutasamtakanna árið 2014. Í minnisblaðinu er þess farið á leit við ráðgjafarnefnd sjóðsins að hún taki ákvörðun um það með hvaða hætti dreifa skuli 25 m.kr. framlaginu vegna fjárhagsársins 2016 til landshlutasamtakanna vegna þátttöku þeirra í Sóknaráætlun landshluta. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs hafði í desember 2015 ákveðið að samþykka erindi innanríkisráðuneytisins frá 25. nóvember 2015 um úthlutun sérstaks framlags sbr. heimild í 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010 hvað árin 2016, 2017 og 2018 varðar með 25 m.kr. árlegu framlagi vegna þátttöku landshlutasamtakanna í verkefninu.

*Ráðgjafarnefndin ákvað að skipting 25 m.kr. framlagsins til landshlutasamtakanna vegna fjárhagsársins 2016 skyldi vera með sama sniði og verið hefur. Áður en greiðsla yrði innt af hendi yrði óskað eftir skýrslu frá landshlutasamtökunum þar sem þau gerðu grein fyrir stefnumörkun verkefnisins. Nefndarmenn sammála um að marka þurfi verkefninu ákveðna stefnu til framtíðar og að skuldbindingar Jöfnunarsjóðs um framlag til landshlutasamtakanna muni ekki ná lengra en eitt ár fram í tímann.*

### 3. Framlög vegna sérstakra verkefna

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 16. mars 2016 ásamt tölvupósti frá Höllu Björgu Baldursdóttur, Þjóðskrá Íslands, dags. 11. febrúar 2016 með uppfærðum kostnaðartölum vegna tilraunaverkefnisins árin 2016 og 2017. Í minnisblaðinu er rakinn umfjöllunarferill ráðgjafarnefndar sjóðsins vegna umsóknar ráðgjafarnefndar um rafrænar kosningar frá 14. desember 2015. Í minnisblaðinu kemur fram ósk nefndarmanna um að boða umsóknaraðila á fund svo leita megi ákveðinna svara vegna afgreiðslu nefndarinnar á framlagi til handa verkefnisins um rafrænar kosningar.

Gestir fundarins mæltu nú fyrir afgreiðslu málsins og gerðu grein fyrir mikilvægi tilraunaverkefnisins fyrir sveitarfélögin. Ekki hefði náðst að klára verkefnið fyrir tiltekinn tíma en reiknað væri með tveimur árum til þess. Verkefnið hefði hafist með þátttöku fyrirtækisins Scytl, sem er eigandi kosningakerfisins, og hagkvæmast þætti að ljúka verkefninu með sömu aðilunum. Farið var yfir hlutverk Þjóðskrár Íslands hvað hönnun rafræna kosningakerfisins varðar.

Bent var á að ráðuneytið styddi verkefnið heils hugar með vísan í breytingu nr. 28 frá 2013 á sveitarstjórnarlögum er varðar rafrænt íbúalýðræði í sveitarfélögum auk reglugerðar nr. 1002/2005 um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár.

Í upphafi hafi verið gert ráð fyrir að verkefnið tæki eitt ár og hafi lögformlegt útboð miðast við það. Ríkisvaldið hafi lagt mikið upp úr því að Þjóðskrár Íslands kæmi að ákvörðunartöku við val á kosningakerfi úr útboði og hafi ekki verið gerðar neinar athugasemdir við innkaupabáttinn og beri ríkisvaldið fullt traust til ákvarðanatöku ráðgjafarnefndar um rafrænar kosningar í þessum efnum með vísan í lög nr. 84/2007 um opinber innkaup og þær reglur EES sem liggja lögnum til grundvallar auk samkeppnislaga nr. 44/2005. Þar sem ekki hafi tekist að ljúka verkefninu á tilætluðum tíma hafi sú ákvörðun verið tekin að ljúka því með sömu aðilum á tveimur árum með alls fjórum kosningum í tveimur tilraunasveitarfélögum. Að þessum tíma loknum, eða í lok árs 2017, ættu allir ferlar, hugbúnaður og vottun að liggja fyrir hjá Þjóðskrár Íslands. Verkefni af þessum toga yrðu síðan boðin út eins og lög gera ráð fyrir í framtíðinni.

*Eftir nokkra umræðu ákvað nefndin að samþykkja 8,5 m.kr. framlag vegna fjárhagsársins 2016 og 5,0 m.kr. framlag vegna fjárhagsársins 2017 til Þjóðskrár Íslands sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010 með eftirfarandi bókun: Enda standist tillaga Þjóðskrár Íslands við val úr útboði alla opinbera þætti er varða lög um opinber innkaup og reglur EES þar að lútandi auk samkeppnislaga.*

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 18. mars 2016 varðandi setningu verklagsreglna í tengslum við 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010 ásamt umbeðinni samantekt ráðgjafarnefndar á því til hvaða verkefna sjóðurinn hefur greitt framlög er falla undir 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

*Nefndin óskaði eftir að sambærilegt yfirlit yrði tekið saman fyrir f. lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010.*

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 16. mars 2016 vegna áður frestaðrar afgreiðslu á erindi Vesturbyggðar dags. 10. desember 2015 um framlag vegna tilraunaverkefnis á sviði ræfrænnar stjórnsýslu.

*Í umfjöllun um erindið kom fram það mat ráðgjafarnefndarinnar að erindið félli ekki undir heimildir í f. lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010 hvað framlög sjóðsins til sérstakra verkefna varðar. Samþykkti nefndin því að erindi Vesturbyggðar væri hafnað.*

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 16. mars 2016 vegna áður frestaðrar afgreiðslu á erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 12. janúar 2016 vegna þátttöku Sambandsins í úttekt Evrópumíðstöðvar á menntastefnu.

*Nefndin ákvað að samþykkja umsókn Sambands íslenskra sveitarfélaga með 2,5 m.kr. framlagi vegna verkefnisins sbr. f. lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010.*

#### 4. Framlög vegna fjárhagserfiðleika

Lagt var fram erindi innanríkisráðuneytisins ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi hvoru tveggja dags. 17. mars 2016. Ráðuneytið fer þess á leit við sjóðinn að hann greiði framlag til Breiðdalshrepps vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélagsins sbr. b. lið, 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

*Nefndin ræddi þann mikla fjárhagsvanda sem Breiðdalshreppur væri í og hve þeim hefði þrátt fyrir erfiða stöðu tekist að uppfylla ákvæði í samkomulagi við innanríkisráðuneytið. Nefndin samþykkti að Breiðdalshreppi yrði greitt framlag að upphæð 15 m.kr. vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga sbr. b. lið, 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010 eftir framgangi verkefnisins.*

#### 5. Efling tónlistarfræðslu

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 16. mars 2016 ásamt upplýsingum frá Reykjavíkurborg vegna reiknaðs skiptihlutfalls á 60 m.kr. viðbótarframlagi Jöfnunarsjóðs milli tónlistarskóla innan Reykjavíkur á grundvelli greinargerðar fjáráskjalanna og upplýsinga frá tónlistarskólum í Reykjavík vegna fjárhagsvanda tónlistarskólanna í Reykjavík.

*Nefndin samþykkti tillögu Reykjavíkurborgar um skiptingu 60 m.kr. viðbótarframlagsins úr Jöfnunarsjóði til handa tónlistarskólum sem safnað hafa skuldum umfram ramma Jöfnunarsjóðs.*

#### 6. Útgjaldajöfnunarframlög

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 16. mars 2016 ásamt upplýsingum er liggja enduráætluðum útgjaldajöfnunarframlögum til grundvallar fyrir fjárhagsárið 2016.

*Nefndin fór yfir forsendur er varða enduráætlun úthlutunar A- og B-hluta framlaganna fyrir fjárhagsárið 2016. Að vel athuguðu máli samþykkti nefndin tillöguna og lagði til að endurskoðað áætlað framlag vegna A-hluta framlaganna næmi 6.050 m.kr og vegna B-hluta framlaganna 575 m.kr. eða samtals 6.625 m.kr. sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010.*

### YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM GRUNNSKÓLANS

#### 7. Almenn framlög vegna reksturs grunnskóla

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 16. mars 2016 ásamt upplýsingum er liggja enduráætluðum almennum framlögum vegna grunnskólans til grundvallar fyrir fjárhagsárið 2016.

*Nefndin fór yfir forsendur er varða enduráætlun úthlutunar almennra framlaga vegna grunnskólans fjárhagsárið 2016. Að vel athuguðu máli samþykkti nefndin tillöguna og lagði til að endurskoðað áætlað framlag næmi samtals 6.767 m.kr. á fjárhagsárinu 2016 sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002 að teknu tilliti til ákvæða í 2. gr. reglugerðar nr. 1226/2012 er varða hin svokölluð hátekjusveitarfélög.*

#### 8. Barnaverndarstofa

Lagt var fram erindi Barnaverndarstofu dags. 26. febrúar 2016 ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 17. mars 2016 þar að lútandi. Í erindi Barnaverndarstofu er óskað eftir framlagi frá Jöfnunarsjóði vegna kennslukosnaðar barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags vegna haustannar 2015.

*Nefndin ákvað að samþykkja umsókn Barnaverndarstofu með 525.716 kr. framlagi sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 351/2002.*

## **9. Framlög vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 18. mars 2016 ásamt upplýsingum er liggja enduráætluðum framlögum vegna nýbúafræðslu til grundvallar fyrir fjárhagsárið 2016.

*Nefndin fór yfir forsendur er varða enduráætlun úthlutunar framlaga vegna nýbúafræðslu fjárhagsárið 2016. Að vel athuguðu máli samþykkti nefndin tillöguna og lagði til að endurskoðað áætlað framlag til annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar næmi samtals 252.330.000 kr. á fjárhagsárinu 2016 sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Nefndin óskaði eftir samanburði á fjölda nemenda á milli áráanna 2015 og 2016 fyrir næsta fund.*

## **YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS**

### **10. Undirbúningur reglna vegna framlaga 2017**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 17. mars 2016 varðandi reglugerð um málefni fatlaðs fólks á árinu 2017. Í minnisblaðinu eru helstu áherslatriði Sambands íslenskra sveitarfélaga tekin saman auk sjónarmiða starfsmanna Jöfnunarsjóðs er varða aukið vægi jöfnunar, þátta er varða SIS matið og ný viðmið vegna fjarlægða sem aðilum finnst nauðsynlegt að tekið verði tillit til vegna nýrrar reglugerðar.

*Nefndin ákvað að haldið yrði áfram að ræða breyttar reglur framlaganna á næsta fundi.*

Lögð voru fram til kynningar drög að skýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga um rekstrarafkomu á þjónustu við fatlað fólk á nokkrum þjónustusvæðum árið 2015 ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 17. mars 2016 þar að lútandi. Skýrslan væri liður í því að litið væri til erfiðrar afkomu sveitarfélaga/þjónustusvæða við úthlutun viðbótarframlaga ársins 2016.

*Nefndin óskaði eftir að frekari umræða um úthlutun viðbótarframlagsins 2016 yrði tekin á næsta fundi nefndarinnar.*

### **11. Leigusamningar við Brynju hússjóð ÖBI**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 17. mars 2016 varðandi leigusamninga sem ríkið gerði við Brynju hússjóð Öryrkjabandalagsins fyrir yfirfærslu á málaflokknum frá ríki til sveitarfélaga. Jafnframt var lagt fram minnisblað velferðarráðuneytisins þar sem fram koma upplýsingar um leiguverð fasteignanna o.fl. Fram kom að frá yfirfærslu málefna fatlaðra hafi ríkt mikil óánægja meðal sveitarfélaganna/þjónustusvæðanna um hátt leiguverð þessara fasteigna. Frá síðastliðnum áramótum hefur Hafnarfjarðarkaupstaður eingöngu greitt hluta samningsbundinnar húsaleigu til Brynju þar sem sveitarfélagið telur leiguverð allt of hátt. Vísar sveitarfélagið til velferðarráðuneytisins, sem ábyrgðaraðila leigusamningsins, til að mæta eftirstöðvunum á leigunni. Velferðarráðuneytið bendir á að greiðsla leigu vegna þessara fasteigna hafi verið hluti af heildarfjárhagsramma yfirfærslunnar og því sé það hlutverk Jöfnunarsjóðs að jafna fyrir misháum fasteignakostnaði í málaflokknum.

*Ráðgjafarnefndin ræddi þá stöðu sem upp er komin í málinu og nauðsyn þess að finna lausn hið allra fyrsta. Nefndarmenn veltu nokkrum möguleikum upp varðandi lausn málsins og voru sammála um ábyrgð og aðkomu Jöfnunarsjóðsins að málinu. Starfsmanni sjóðsins var falið að*

*kanna málið frekar á milli funda og lögð var áhersla á að fundin yrði heildræn framtíðarlausn hvað leigusamningana varðar. Ákveðið að ræða málin aftur á næsta fundi nefndarinnar.*

**12. Framtíðarfyrirkomulag fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 17. mars 2016 varðandi fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

*Umfjöllun frestað til næsta fundar nefndarinnar.*

**13. Önnur mál**

Næsti fundur nefndarinnar var ákveðinn föstudaginn 22. apríl nk. kl. 12:00.

Nefndin lagði til að fundarliðir sem kalli á frekari og ítarlegri umfjöllun nefndarinnar verði hafðir fyrstir á dagskrá hvers fundar.

Nefndin ákvað að heimsækja Akureyri, Siglufjörð og Grenivík 24.-25. maí nk.

Tilkynnt var um það að nýr starfsmaður að nafni Tinna Dhal Christiansen hefði verið ráðin sem sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði og hæfi störf þann 1. apríl 2016.

Fundi var slitið kl. 17:00.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásgerður Gylfadóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Bjarni Jónsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Sigríður Huld Jónsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson